



Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

3. desember 2020

Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í október 2020. Barnaverndarstofa hefur tekið saman tölur mánaðarlega síðan í mars 2020 til að fylgjast með þróun tilkynninga og greina stöðu mála eins fljótt og auðið er. Fjöldi tilkynninga verður hér borinn saman við skilgreint samanburðartímabil, frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020 og einnig við þær tilkynningar sem borist hafa á þessu ári síðan mánaðarleg greining var hafin, þ.e. frá mars 2020.

Tilgangur greiningarinnar er að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda.

Samantekt á tölum fyrri mánaða má finna í sérstöku skjali sem er meðfylgjandi.

Eðli máls samkvæmt eru sveiflur á milli mánaða og því er sérstaklega mikilvægt að bera tölur saman við lengra tímabil en mánuðina á undan. Þannig má bæði fá yfirsýn yfir þróun mála á þessu ári, sem og hvernig málum er hagað miðað við árin á undan.

Það sem vekur helst athygli í þessari samantekt er að ekki hafa borist fleiri tilkynningar á einum mánuði það sem af er ári, eða alls 1.336 talsins. Í október hafa tilkynningar varðað fleiri börn en áður, eða 1.038 börn. Hlutfall tilkynninga á hvert barn að jafnaði er þó svipaður og fyrri mánuði.

Tilkynningar vegna ofbeldis hafa síðustu mánaði verið yfir meðaltali samanburðartímabilisins, fyrir utan júlí og ágúst. Hér í þessari skýrslu er sjónum beint að auknum fjölda tilkynninga vegna ofbeldis. Nú er staðan sú að á fyrstu 10 mánuðum ársins hafa borist fleiri tilkynningar vegna ofbeldis en bárust allt árið 2016, 2017, 2018 og 2019.

Tilkynningum vegna vanrækslu hefur einnig fjölgað en þær hafa nú síðustu 8 mánuði verið yfir meðaltali samanburðartímabilsins. Á fyrstu 10 mánuðum ársins 2020 hafa borist álíka margar tilkynningar vegna vanrækslu og allt árið 2019 og langtum fleiri en allt árið 2016, 2017 og 2018. Þá má sérstaklega nefna að ekki hafa fleiri tilkynningar borist vegna áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu foreldris það sem af er þessu ári en núna í október. Að auki hafa nú, á fyrstu 10 mánuðum ársins, borist fleiri tilkynningar vegna áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu foreldris en allt árið 2016, 2017, 2018 og 2019.

Eru þessar tölur, sem hér hefur verið greint frá, sérstakt áhyggjuefni sem ber að fylgjast nánar með.


Fjöldi tilkynninga

Í október 2020 bárust alls 1.336 tilkynningar til barnaverndarnefnda. Borið saman við tímabilið janúar 2019-febrúar 2020, þegar bárust að meðaltali 955 tilkynningar og mest 1.135, þá sést að tilkynningar sem bárust í október voru langt yfir hæsta gildi samanburðartímans.

Tilkynningar í október 2020 voru 17,7% fleiri en í sama mánuði á árinu 2019 en vert er að nefna að flestar tilkynningar árið 2019 voru í október það ár.

Þegar fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir því hvort þær bárust til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæðinu og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að heildarfjöldi tilkynninga var alls staðar yfir meðallagi. Í Reykjavík var fjöldi tilkynninga í október 2020 innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða en tilkynningar til nefnda á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggð voru fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Heildarfjöldi tilkynninga, miðað við samanburðartímabil



Graf 1: Fjöldi tilkynninga í september og október borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Hér fyrir neðan má sjá tilkynningar sem bárust í október 2020 samanborið við mánuðina á undan. Þar sést að ekki hafa borist fleiri tilkynningar á árinu en í október. Þegar litið er til tilkynninga sem hafa borist a) í Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu og c) nefnda á landsbyggð, má sjá að aðeins í Reykjavík hafa borist fleiri tilkynningar á þessu ári en það var í maí 2020 þegar 499 tilkynningar bárust.

Heildarfjöldi tilkynninga, mars-október 2020



Graf 2: Heildarfjöldi tilkynninga til allra nefnda á landinu frá mars 2020 til október 2020


Fjöldi tilkynninga gegnum neyðarnúmerið 112

Í október 2020 barst 101 tilkynning í gegnum 112.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar frá 112 í einum mánuði og er meðaltal tilkynninga sem bárust frá 112 á umræddu tímabili 80. Tilkynningar í október 2020 sem bárust í gegnum neyðarnúmerið eru því fleiri en hæsta gildi tímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir því hvort þær bárust til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæðinu og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu voru tilkynningar í gegnum 112 yfir meðallagi og á landsbyggð voru þær rétt undir meðallagi en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða.

Fjöldi tilkynninga í gegnum 112, miðað við samanburðartímabil



Graf 3: Fjöldi tilkynninga í gegnum neyðarnúmerið 112 í október 2020 borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 til 29. febrúar 2020


Eitthvað hefur borið á að tilkynningar frá 112 hafi verið mismunandi skráðar á milli nefnda. Unnið er að samræmingu skráninga og eru þær tölur sem hér eru kynntar því settar fram með þeim fyrirvara að þær gætu tekið einhverjum breytingum þegar fram horfir.

Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu

Alls bárust 72 tilkynningar til barnaverndarnefnda á landinu í október 2020 þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu.

Sé litið til tímabilsins janúar 2019- febrúar 2020, bárust mest 74 tilkynningar og minnst 41 á einum mánuði þar sem tilkynnandi telur barn í yfirvofandi hættu. Tilkynninga af þessu tagi voru á þessu tímabili 56 að meðaltali. Þær tilkynningar sem bárust í október 2020 eru því yfir meðaltali en þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.


Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barnið talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda), miðað við samanburðartímabil



Graf 4: Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barn talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda) miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 – 29. febrúar 2020

Þær tilkynningar sem bárust í október eru rétt undir meðaltali fyrri mánaða. Fjöldi bráðatilkynninga í október er þannig svipaður og í mars og júlí en heldur færri en hafa borist síðustu mánuði.

Fjöldi bráðatilkynninga, mars-október 2020



Graf 5: Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barn talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda) á tímabilinu mars 2020 til október 2020

Fjöldi barna sem tilkynnt er um

Þegar litið er til fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda þarf að hafa í huga að fleiri en ein tilkynning getur borist vegna hvers barns. Því er einnig mikilvægt að skoða fjölda barna sem tilkynnt er um.


Í október 2020 bárust tilkynningar um alls 1.038 börn og hafa ekki borist tilkynningar um fleiri börn á einum mánuði.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðalfjöldi barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um í október er því langt umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020.


Ef litið er til fjölda barna sem tilkynnt er um í október til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að fjöldi barna er yfir meðaltali samanburðartímabilsins í öllum landshlutum. Í Reykjavík er fjöldi barna sem tilkynnt var um innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða, en á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð var fjöldi barna umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um, miðað við samanburðartímabil




Graf 6: Fjöldi barna sem tilkynnt var um, miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Líkt og áður segir, hafa ekki borist tilkynningar vegna fleiri barna, eða 1.038 börn. Að auki má sjá á grafi 7 að fjöldi barna sem tilkynnt var um hefur verið yfir meðallagi síðan í mars, að undanskildum júlímánuði.



Graf 7: Fjöldi barna sem tilkynnt var um á tímabilinu mars til október 2020

Gefur þetta tilefni til þess að líta á hlutfall tilkynninga af fjölda barna, það er, hversu margar tilkynningar berast að jafnaði í hlutfalli við hversu mörg börn eru á bakvið tilkynningarnar. Síðan í mars hefur hlutfallið verið 1,25-1,31 tilkynning á hvert barn. Nú í október var þetta hlutfall 1,29 sem þýðir að þrátt fyrir að fjöldi tilkynninga hafi ekki áður verið meiri og ekki hafi borist tilkynningar vegna fleiri barna áður, þá er hlutfallið svipað. Þetta gefur til kynna að ekki séu að berast fleiri tilkynningar vegna sömu barna eða færri tilkynningar á hvert barn heldur er hlutfallslega svipaður fjöldi að berast vegna fleiri barna. Gefur það fullt tilefni til þess að fylgjast nánar með þróun mála.



Graf 8: Hlutfall: Fjöldi tilkynninga af fjölda barna


Hverjir tilkynna

Barn

Í október 2020 bárust fimm tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem barn hefur sjálft samband.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 9 tilkynningar og minnst engin tilkynning á einum mánuði frá barninu sjálfu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 5 og er fjöldi tilkynninga í október því í meðallagi.


Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í september eru innan hefðbundinnar sveiflu milli mánaða í öllum landshlutum.



Graf 9: Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til febrúar 2020

Flestar tilkynningar frá barni voru enn sem fyrr í mars 2020, eða 17 tilkynningar og næstflestar tilkynningar bárust í september 2020. Sá fjöldi tilkynninga sem barst í október er rétt undir meðallagi sé miðað við mánuðina á undan.

Fjöldi tilkynninga frá barni, mars-október 2020



Graf 10: Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til október 2020

Foreldrar


Í október 2020 bárust 98 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá foreldrum barns.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 86 tilkynningar og minnst 52 tilkynningar á einum mánuði frá foreldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 66.

Fjöldi tilkynninga í október 2020 frá foreldrum barns eru því fleiri en hæsta gildi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur fyrir október í Reykjavík og á höfuðborgarsvæði eru yfir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða. Tilkynningar frá foreldrum sem bárust nefndum á landsbyggð eru aftur á móti umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 og því utan mánaðarlegrar sveiflu.


Fjöldi tilkynninga frá foreldrum miðað við samanburðartímabil



Graf 11: Foreldrar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til febrúar 2020

Þegar litið er yfir síðustu mánuði má sjá að í september bárust flestar tilkynningar frá foreldrum, en næst flestar í október. Líkt og í september bárust flestar tilkynningar til nefnda á landsbyggðinni, eða 50 talsins í september og 40 í október.

Fjöldi tilkynninga frá foreldrum, mars til október 2020




Graf 12: Foreldrar tilkynna til barnaverndarnefnda, mars til október 2020

Skóli

Í október 2020 barst 201 tilkynning til barnaverndarnefnda frá skólum landsins.

Sé borið saman við tilkynningar sem bárust á tímabilinu 2019 – febrúar 2020 má sjá að mest bárust 221 tilkynning og minnst 14 tilkynningar á einum mánuði og var meðaltal tilkynninga frá skólum á umræddu tímabili 140. Því má sjá að fjöldi tilkynninga í október frá skólum er yfir meðaltali þess tímabils en innan þeirrar sveiflu sem má finna milli mánaða.


Þegar litið er til gagna frá 1) Reykjavík, 2) nefndum á höfuðborgarsvæði og 3) nefndum á landsbyggð má sjá að tilkynningar frá skólum voru alls staðar yfir meðallagi en innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða.



Graf 13: Skólar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til þeirra tilkynninga sem hafa borist síðan í mars 2020 má sjá að tilkynningar í október eru aðeins fleiri en bárust í september og í takt við þann fjölda sem barst í maí, rétt áður en almennu skólahaldi lauk.

Skóli tilkynnir, mars-október 2020



Graf 14: Fjöldi tilkynninga frá skólum til barnaverndarnefnda, mars til október 2020


Leikskóli/dagforeldri

Í október 2020 bárust 17 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá leikskólum/dagforeldrum.

Á samanburðartímabilinu, janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 31 tilkynning og minnst 10 tilkynningar á einum mánuði frá leikskólum/dagforeldrum og er meðaltal þeirra tilkynninga á umræddu tímabili 19. Þær tilkynningar sem bárust í október 2020 eru því rétt undir meðaltali samanburðartímabilsins.

Þegar skoðaðar eru tölur í október 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga er rétt yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019-febrúar 2020 í Reykjavík en rétt undir meðaltali á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.


Fjöldi tilkynninga frá leikskólum/dagforeldrum, miðað við samanburðartímabil



Graf 15: Leikskólar/dagforeldrar tilkynna til barnaverndarnefndar miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef lítið er til ársins 2020 sést að í maí og júní 2020 bárust fleiri tilkynningar frá leikskólum/dagforeldrum en aðra mánuði, sér í lagi í júní þegar alls bárust 42 tilkynningar á landinu öllu. Er fjöldi tilkynninga sem bárust í október 2020 því svipaður því sem sást í mars, apríl og júlí, ágúst og september 2020.

Fjöldi tilkynninga frá leikskólum/dagforeldrum, mars-október 2020




Graf 16: Leikskólar/dagforeldrar tilkynna til barnaverndarnefnda, mars til október 2020

Nágrannar

Í október 2020 bárust 86 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá nágrönnum.

Á tímabilinu 2019 – febrúar 2020 bárust minnst 48 tilkynningar og mest 80 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum. Meðaltal tilkynninga frá nágrönnum á umræddu samanburðartímabili voru 65. Því má sjá að þær tilkynningar sem bárust í október 2020 voru fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Þegar litið er til talna í október 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar voru yfir meðaltali í Reykjavík en undir meðaltali á landsbyggð. Fjöldi tilkynninga frá nágrönnum í október til nefnda á höfuðborgarsvæðinu voru aftur á móti fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins og því utan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða.



Graf 17: Nágrannar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til þeirra tilkynninga sem hafa borist síðastliðna mánuði sést að flestar tilkynningar frá nágrönnum bárust í apríl og maí, 127 og 122 talsins. Utan þessara tveggja mánaða hefur fjöldi tilkynninga frá nágrönnum síðastliðna mánuði verið nokkuð svipaður, í kringum 80 tilkynningar á mánuði.

Fjöldi tilkynninga frá nágrönnum, mars-október 2020



Graf 18: Nágrannar tilkynn til barnaverndarnefnda, mars til október 2020


Ættingjar

Í október 2020 bárust alls 73 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá ættingjum.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 70 og minnst 28 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 46. Er fjöldi tilkynninga frá ættingjum í október 2020 því yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Ef litið er til talna í október 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar voru undir meðaltali í Reykjavík, yfir meðaltali á landsbyggð en langt umfram hæsta gildi á höfuðborgarsvæðinu. Raunar er það svo að rétt rúmlega helmingur allra tilkynninga frá ættingjum á landsvísu bárust nefndum á höfuðborgarsvæðinu.


Fjöldi tilkynninga frá ættingjum miðað við samanburðartímabil



Graf 19: Ættingjar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til tilkynninga sem hafa borist síðan í mars á þessu ári má sjá að tilkynningar frá ættingjum hafa verið vel yfir meðallagi allt árið, að undanskildum apríl og júní. Að auki má sjá að síðan í júlí hafa borist fleiri tilkynningar á mánuði en hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Ættingjar tilkynna, mars-október 2020




Graf 20: ættingjar tilkynna til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til október 2020

Lögregla

Í október 2020 bárust alls 498 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá lögreglu.

Á samanburðartímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynning á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395. eru tilkynningar í október því nokkuð yfir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem má finna á milli mánaða.


Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar í október voru yfir meðaltali í öllum landshlutum en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða.



Graf 21: Lögregla tilkynnir til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til tilkynninga sem hafa borist frá lögreglu síðan í mars á þessu ári má sjá að tölur októbermánaðar eru í samræmi við þær sem bárust í apríl og júní.

Lögreglan tilkynnir, mars-október 2020



Graf 22: Lögregla tilkynnir til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til október 2020


Heilbrigðisstofnun

Í október 2020 bárust alls 125 tilkynningar frá heilbrigðisstofnunum.

Sé litið til tímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 128 tilkynningar og minnst 78 tilkynningar á einum mánuði frá heilbrigðisstofnunum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 96. Er fjöldi tilkynninga sem bárust frá heilbrigðisstofnunum í október 2020 þannig rétt undir hæsta gildi samanburðartímans og því innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.

Ef skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð í október má sjá að tilkynningar í Reykjavík voru yfir meðaltali og á landsbyggð voru þær jafn margar og hæsta gildi samanburðartímans. Á höfuðborgarsvæðinu voru tilkynningar umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum miðað við samanburðartímabil



Graf 23: Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til fjölda tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum síðan í mars má sjá að tölur októbermánaðar eru svipaðar og þær voru í júní og júlí. Í raun hafa ekki borist fleiri tilkynningar á þessu ári frá heilbrigðisstofnun, síðan í janúar þegar bárust 128 tilkynningar á landsvísu.

Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum, mars-október 2020



Graf 24: Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum til barnaverndarnefnda, á tímabilinu mars til október 2020


Aðrir

Í október 2020 bárust alls 173 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá öðrum aðilum en hér hafa verið skilgreindir að ofan.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 118 tilkynningar og minnst 54 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 84.

Er fjöldi tilkynninga í október 2020 frá öðrum aðilum því langt yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Ef litið er til tilkynninga í a) Reykjavík, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, c) nefnda á landsbyggðinni sést að tvær af hverjum þremur tilkynningum sem bárust frá öðrum á landsvísu má rekja til landsbyggðarinnar. Á landsbyggð eru tilkynningar langt umfram þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu voru tilkynningar í meðallagi miðað við samanburðartímabilið.



Graf 25: Aðrir tilkynna til barnaverndarnefnda, samanborið við gögn frá 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er á grafið hér fyrir neðan má sjá ákveðinn stíganda í fjölda tilkynninga þar sem tilkynnandi fellur ekki í sérstaklega skilgreindan flokk. Ekki hafa fleiri tilkynningar borist frá tilkynnendum sem voru flokkaðir sem *aðrir* en nú í október. Það, sem og hvernig landsbyggðin sker sig úr, gefur tilefni til endurskoðunar skráninga á tilkynnendum og hefur undirbúningur þess efnis verið hafinn.

Fjöldi tilkynninga frá öðrum, mars-október 2020



Graf 26: Aðrir tilkynna til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til október 2020

Önnur barnaverndarnefnd og félagsþjónusta

Tilkynningar frá annarri barnaverndarnefnd voru 15 í október 2020. Að meðaltali bárust 20 tilkynningar frá annarri barnaverndarnefnd á samanburðartímabilinu janúar 2019- febrúar 2020, flestar voru þær 26 og færstar 13 á einum mánuði. Fjöldi tilkynninga í október er því undir meðaltali og en vel innan þeirrar sveiflu sem má finna milli mánaða. Tilkynningar frá félagsþjónustunni í október 2020 voru 45, sem er einnig hæsta gildi samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020. Tilkynningar frá félagsþjónustunni í október eru því innan þeirrar sveiflu sem má finna á milli mánaða.

Efni tilkynninga


Tilkynningar til barnaverndarnefnda eru í meginatriðum flokkaðar samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd. Þannig getur tilkynning aðeins verið flokkuð í einn af fjórum yfirflokkum: a) vanræksla, b) ofbeldi, c) áhættuhegðun barns, d) heilsa eða líf ófædds barns er í hættu. Í hverjum yfirflokki, að utanskildum c) flokki, eru undirflokkar til nánari skilgreiningar eftir eðli tilkynningar. Er þessi samantekt byggð á framannefndu flokkunarkerfi. Nánari upplýsingar um skilgreiningar- og flokkunarkerfi Barnaverndar má finna [hér](#).

Ofbeldi¹

Í október 2020 bárust 329 tilkynningar varðandi ofbeldi.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 292 tilkynningar og minnst 206 tilkynningar á einum mánuði um ofbeldi og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 254. eru tilkynningar októbermánaðar því umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar voru yfir meðallagi í öllum landshlutum en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða.




Graf 27: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ofbeldis miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

¹ Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er ofbeldi gagnvart skilgreint sem „athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns“. Ofbeldi gagnvart barni skiptist í þrjá megin flokka: 1) tilfinningalegt ofbeldi, 2) líkamlegt ofbeldi, 3) kynferðislegt ofbeldi. Sé barn beitt tilfinningalegu ofbeldi er einnig skráð sérstaklega ef um er að ræða heimilisofbeldi, þ.e. barn verður vitni að ofbeldi.

Sé litið til fjölda tilkynninga sem hafa borist síðan í mars á þessu ári má sjá að fjöldi tilkynninga í júlí og ágúst skera sig úr. Síðan í mars hafa borist um og yfir 300 tilkynningar á mánuði, flestar í september.

Heildarfjöldi tilkynninga vegna ofbeldis, mars-október 2020



Graf 28: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ofbeldis á tímabilinu mars til október 2020

Í október 2020 bárust 85 tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis til barnaverndarnefnda á landinu. Miklar sveiflar hafa verið á tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis það sem af er af ári. Fæstar voru þær 55 í janúar og apríl en flestar tilkynningar vegna líkamlegs ofbeldis bárust í september, þá 96 talsins. Ef tölur októbermánaðar eru bornar saman við samanburðartímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 sést að tilkynningar voru fleiri en hæsta gildi tímabilsins. Ef litið er til þeirra tilkynninga sem bárust til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og c) nefnda á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga voru í meðallagi á landsbyggð en fleiri en hæsta gildi bæði í Reykjavík sem og á höfuðborgarsvæðinu.


Í október 2020 barst 211 tilkynning vegna tilfinningalegs ofbeldis. Sé litið til samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 má sjá að hæsta gildi er 215, lægsta er 124 og meðaltal 162 tilkynningar. Fjöldi tilkynninga sem bárust í október er því rétt undir hæsta gildi og innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Ef litið er næst til tilkynninga sem bárust til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og c) nefnda á landsbyggð, má sjá að í Reykjavík voru tilkynningar í október vegna tilfinningalegs ofbeldis undir meðaltali, yfir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu og fleiri hæsta gildi á landsbyggð.

Í október 2020 bárust alls 90 tilkynningar vegna heimilisofbeldis. Samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 voru tilkynningar í október 2020 yfir meðaltali, en flestar voru þær á samanburðartímabilinu 104, fæstar 47 og meðaltalið 73 tilkynningar. Ef litið er til fjölda tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og b) til nefnda á landsbyggðinni má sjá að tilkynningar í októberber vegna heimilisofbeldis voru yfir meðaltali

á höfuðborgarsvæði og landsbyggð en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta milli mánaða. Í Reykjavík var fjöldi tilkynninga vegna *heimilisofbeldis* rétt undir meðaltali.

Í október 2020 voru tilkynningar vegna *kynferðislegs ofbeldis* gegn börnum 51. Í janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 54 tilkynningar, lægsta gildi var 22 tilkynningar á einum mánuði og meðaltal tímabilsins var 39. Er fjöldi tilkynninga í október því yfir meðaltali samanburðartímabilisins en rétt undir hæsta gildi og því innan þeirrar sveiflu sem má vænta milli mánaða. Sá fjöldi tilkynning sem barst vegna *kynferðislegs ofbeldis* var yfir meðaltali í öllum landshlutum en vel innan þeirrar sveiflu sem má vænta milli mánaða.

Tilkynningar síðustu mánaða, um ofbeldi gegn börnum, hafa verið yfir meðaltali tilkynninga samanburðartímabilisins janúar 2019 – febrúar 2020, fyrir utan tveggja mánaða, júlí og ágúst. Á grafi 29 má sjá samanburð tilkynninga sem hafa borist vegna ofbeldis það sem af er þessu ári, samanborið við síðustu 4 ár, 2016-2019. Má þar sjá að fyrstu 10 mánuði ársins 2020, hafa borist fleiri tilkynningar á landsvísu en öll árin. Því er enn fullt tilefni til þess að fylgjast nánar með þróun mála næstu mánaða.




Graf 29: Heildarfjöldi tilkynninga vegna ofbeldis, allir flokkar. Hér má sjá tölur fyrir allt árið 2016, 2017, 2018 og 2019 og fyrstu 10 mánuði ársins 2020

Vanræksla²

Tilkynningar um vanrækslu í október 2020 voru 559.

Sé litið til samanburðartímabilisins janúar 2019 – febrúar 2020 þá bárust mest 507 tilkynningar og minnst 307 tilkynningar á einum mánuði um vanrækslu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 401. Voru tilkynningar í október vegna vanrækslu því langt umfram þá sveiflu sem vænta má á milli mánaða.


Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar vegna vanrækslu í október eru alls staðar yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Á landsbyggð er fjöldi tilkynninga vegna vanrækslu hærri en hæsta gildi samanburðartímabilsins.



Graf 30: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

² Vanræksla er, líkt og ofbeldi, yfirflokkur í skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd. Samkvæmt flokkunarkerfinu er vanræksla gagnvart barni skilgreind sem „skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns“. Vanræksla skiptist í fjóra undirflokkasem eru: 1) líkamleg vanræksla, 2) vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, 3) vanræksla varðandi nám, 4) tilfinningaleg vanræksla. Í þeim tilvikum sem tilkynning er skráð sem vanræksla varðandi umsjón og eftirlit er einnig skráð sérstaklega hvort að slík tilkynning berist vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu foreldra.

Líkt og sjá má á grafinu hér fyrir neðan hafa tilkynningar verið yfir meðallagi síðan í mars á þessu ári. Aukinheldur hafa ekki borist fleiri tilkynningar vegna vanrækslu á þessu ári en núna í október.



Graf 31: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu á tímabilinu mars til október 2020

Tilkynningum þar sem vanræksla er varðandi *umsjón og eftirlit barna* voru 509 í október. Er það langt umfram hæstagildi samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020, eða 17% fleiri. Þær tilkynningar sem bárust í Reykjavík voru yfir meðallagi en þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má milli mánaða. Sú var einnig raunin þegar litið er til tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu, c) til nefnda á landsbyggðinni. Voru tilkynningar í október 2020 alls staðar yfir meðaltali. Aftur á móti voru tilkynningar sem bárust nefndum á annars vegar höfuðborgarsvæðinu og hins vegar á landsbyggð fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins. Á landsbyggðinni bárust 174 tilkynningar sem er 40% fleiri tilkynningar en hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Í október 2020 barst 231 tilkynning vegna *foreldra í áfengis- og eða fíkniefnaneyslu* en ekki hafa fleiri tilkynningar borist það sem af er þessu ári. Tilkynningar októbermánaðar eru fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins, janúar 2019 – febrúar 2020, eða 180 tilkynningar og því umfram þá sveiflu sem mætti búast við á milli mánaða. Tilkynningar í Reykjavík voru undir meðaltali en yfir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu en þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Á landsbyggð bárust aftur á móti 121 tilkynning. Er það langt umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins, 82 tilkynningar eða 47% fleiri tilkynningar.

Alls barst 21 tilkynning varðandi *líkamlega vanrækslu* í október 2020. Er fjöldi tilkynninga í október í meðallagi samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 og á það einnig við um tilkynningar sem bárust til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæði og c) nefnda á landsbyggð, hvar tilkynningar voru innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.

Tilkynningar varðandi *tilfinningalega vanrækslu* voru alls 44 í október 2020. Eru tilkynningar októbermánaðar því yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019-febrúar 2020, sem er 28 tilkynningar en þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða. Hið sama má segja um tilkynningar sem bárust til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæði og c) nefnda á landsbyggð.

Í október 2020 bárust alls 13 tilkynningar vegna *vanrækslu varðandi nám*. Sé borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 má sjá að tilkynningar eru undir meðaltali. Þegar litið er til þeirra tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæði, og c) til nefnda á landsbyggð, má sjá að í Reykjavík og á höfuðborgarsvæði voru þær undir meðaltali en rétt yfir meðaltali á landsbyggð en þó innan þeirrar sveiflu sem vænta má á milli mánaða.

Tilkynningar um vanrækslu hafa verið yfir meðaltali átta mánuði í röð. Að auki, líkt og sjá má á grafi 32, hafa borist álíka margar tilkynningar vegna vanrækslu fyrstu 10 mánuði ársins 2020 og allt árið 2019. Einnig eru tölur fyrstu 10 mánuði ársins 2020 langtum hærra en heildarfjöldi tilkynninga árána 2016-2018. eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni og mikilvægt er að fylgjast með því á næstu mánuðum hver þróunin verður.




Graf 32: Heildarfjöldi tilkynninga vegna vanrækslu, allir flokkar. Hér má sjá tölur fyrir allt árið 2016, 2017, 2018 og 2019 og fyrstu 10 mánuði ársins 2020

Áhættuhegðun barns³

Í október 2020 var heildarfjöldi tilkynninga um áhættuhegðun barns 436.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 380 tilkynningar og minnst 193 tilkynningar í einum mánuði um áhættuhegðun barns og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 293. Eru tilkynningar í október um áhættuhegðun barns þannig yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í október 2020 var fjöldi tilkynninga í öllum landshlutum yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins.




Graf 33: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna áhættuhegðunar barns miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Heilt yfir hafa tilkynningar varðandi áhættuhegðun barns verið undir meðaltali síðastliðna mánuði, að undanskildum maí, september og nú október. Líkt og sjá má á grafi 34 er sá fjöldi tilkynninga sem bárust í október langt umfram það sem sést hefur síðan í mars. Því er mikilvægt að fylgjast með þróun mála á næstu mánuðum.

³ Í skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er áhættuhegðun barns skilgreind sem „athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til að valda því eða öðrum skaða“. Þar sem um er að ræða áhættuhegðun barna eru börn oftast komin á táningsaldur.

Heildarfjöldi tilkynninga vegna áhættuhegðunar barns, mars-október 2020



Graf 34: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna áhættuhegðunar barns á tímabilinu mars til október 2020

Heilsu eða lífi ófæddis barns er stefnt í hættu⁴


Í október 2020 bárust alls 12 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem talið var að heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu.

Mest bárust 12 tilkynningar vegna ófæddra barna á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og minnst 3 tilkynningar á einum mánuði. Er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 7. Fjöldi tilkynninga er barst í október 2020 er því sá sami og hæsta gildi samanburðartímans.

Þegar litið er til fjölda tilkynninga sem bárust í október til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð má sjá að flestar voru tilkynningarnar á höfuðborgarsvæðinu, 5 talsins. Eru það fleiri tilkynningar en hæsta gildi samanburðartímabilsins. Fjöldi tilkynninga var undir meðaltali í Reykjavík en vel yfir meðalgildi á landsbyggð.

⁴ Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er tilefni tilkynninga skilgreint sem svo: „foreldri setur ófætt barn sitt í hættu með athæfi sínu“.


Tilkynningar vegna ófædds barns, heildarfjöldi



Graf 35: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ófædds barns miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Hér fyrir neðan má sjá fjölda tilkynninga sem hafa borist barnaverndarnefndum vegna ófædds barns, síðan í mars 2020. Þá má sjá að flestar tilkynningar bárust í ágúst, þá 23 talsins. Fjöldi tilkynninga í október var svipaður og í vor þegar bárust 11-15 tilkynningar að jafnaði á mánuði vegna ófædds barns.

Heildarfjöldi tilkynninga vegna ófædds barns, mars-október 2020



Graf 36: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ófædds barns á tímabilinu mars til október 2020